

## Vinnulag kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis -Niðurstaða prófkjörs og röðun á framboðslista

1. Prófkjör fer fram á kosningakerfi Pírata frá kl. 15:00 laugardaginn 23. september og stendur það yfir til kl. 15:00 laugardaginn 30. september.
2. Við úrvinnslu prófkjörs er notast við forgangskosningu með Schulze-aðferð. Það skilar lista þeim sem liggur til grundvallar framboðslista í kjördæminu.
3. Hafi frambjóðandi eða frambjóðendur afþakkað sæti á listanum fyrir kl. 15:00 sunnudaginn 1. október verður endurtalið án atkvæða sem þeim frambjóðanda bárust. Tilkynna skal um afsögn af listanum með tölvupósti á netfangið [hildur.bjorg@piratar.is](mailto:hildur.bjorg@piratar.is)
4. Eftir endurtalninguna eða hafi enginn afþakkað sæti fyrir kl. 15:00 sunnudaginn 1. október er niðurstaða prófkjörsins álitin endanleg og mun kjördæmaráð við það gefa út tilkynningu um endanlega niðurstöðu prófkjörs.
5. Hringt er eftir samþykki frambjóðenda og þeir beðnir um að staðfesta sæti sitt á listanum. En auk þess verður frambjóðandi að samþykkja sæti sitt á listanum með undirskrift.
6. Vilji frambjóðandi ekki þiggja sæti á listanum færast næstu frambjóðendur á eftir honum upp um eitt sæti.
7. Vilji frambjóðandi ekki þiggja sæti á þeim stað sem hann lenti getur hann óskað eftir því að færa sig neðar og skipta við næsta frambjóðanda sem samþykkir að færa sig ofar á listann.  
Dæmi: Einstaklingur í 4. sæti óskar eftir því að færa sig neðar. Þeim er lenti í 5. sæti er boðið 4. sæti. Vilji sá er lenti í 5. sæti halda sínu sæti er það sæti staðfest hans, og þeim í 6. sæti boðið 4. sæti. Þiggi sá er lenti í 6. sæti 4. sætið, verður þeim er hafnaði fjórða sæti boðið 6. Sætið.
8. Þegar röðun frambjóðenda úr prófkjöri er lokið skipar kjördæmisráð í þau sæti sem útaf standa svo listinn verði full skipaður.
9. Athugið að frambjóðendum ber að staðfesta sæti sitt skriflega eins fljótt og auðið er, með móttöku símtals og undirskriftar. Reynist ómögulegt að leita samþykkis frambjóðanda er viðkomandi að hámarki gefnir 2 dagar til að útskýra mál sitt en að öðrum kosti missi frambjóðandi sæti á framboðslistanum. Kjördæmisráð hefur heimild til að fylla í það sæti.